

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Breyting á deiliskipulagi Voga 1, ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 23. febrúar sl. breytingu á deiliskipulagi Voga 1, ferðaþjónustusvæði og frístundabyggð. Breytingin felur í sér skilgreiningu lóðar undir frístundahús, færslu nýs tengivegar við Mývatnssveitarveg og færslu byggingarreits undir þjónustuhús ferðaþjónustu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulag Reykjahlíðarþorps, Klappahraun 10.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 22. júní sl. óverulega breytingu á deiliskipulagi Reykjahlíðarþorps vegna lóða við Klappahraun 10 og 12. Breytingin felur í sér að lóð nr. 10 er breytt úr einbýlishúsalóð í raðhúsalóð fyrir fjórar íbúðir. Jafnframt er lóð nr. 12 felld út. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulag Reykjahlíðarþorps, Klappahraun 11.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti 22. júní sl. óverulega breytingu á deiliskipulagi Reykjahlíðarþorps vegna lóðarinnar Klappahraun 11. Breytingin felur í sér fjölgun íbúða á lóð nr. 11 úr fjórum í fimm. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugum, 26. júní 2023.*

F.h. Þingeyjarsveitar,

**Atli Steinn Sveinbjörnsson** skipulagsfulltrúi.